

## Skýrsla stjórnar

Starfsárið 2014-2015 voru stjórnarfundir aðallega haldnir þegar stór verkefni voru á dagskrá en að öðru leyti fer mikil skipulagsvinna fram í gengum facebook grúppu stjórnarinnar.

Á stjórnarfundinum 21.08.2014 tók formaður upp og gagnrýndi útsendingu af bréfi sem að varaformaður sendi út í nafni stjórnarinnar án þess að hafa samband við aðra í stjórninni. Bréfið fór bæði til utanríkisráðuneytisins og til sendiráðs Íslands í Oslo og því opinbert mál. Að auki var bréfið lagt út á facebook síðu félagsins. Aðrir meðlimir í stjórninni og varameðlimir voru allir sammála formanni um að þarna hefði varaformaður gengið aðeins of langt út fyrir sinn verkahring. Varaformaður var ekki sammála þeirri niðurstöðu og sagði sig úr stjórn með því. Sendiráðið óskaði eftir formlegri afsökun til þess að hægt væri að loka málinu hjá utanríkisráðuneytinu og sendi formaður Íslendingafélagsins það því skriflega á tölvupósti og er nú allt komið á réttan kjöl í samskiptum félagsins og sendiráðsins.

Allar skráningar hjá félaginu eru í gengum heimasíðu félagsins og allir reikningar eru sendir á tölvupósti gegnum meðlimanetið sem að félagið borgar fyrir hjá Sparebank 1, netbanka félagsins.

Facebook síða félagsins hefur verið mjög vinsæl meðal Íslendinga og mikið lagt í að halda síðunni lifandi með réttu efni fyrir Íslendinga í Oslo og nágrenni.

Ný facebook grúppa var stofnuð fyrir Íslendinga í Oslo og nágrenni til að koma á framfæri því sem að er að gerast bæði hjá félaginu og öðrum aðilum í Oslo.

Fréttablaðið er gefið út á rafrænu formi og er hægt að skrá sig sem móttakanda á netsíðu félagsins.

Fundarboð á aðalfundinum fór fyrst með tölvupósti frá meðlimakerfinu til allra þeirra sem eru skráðir í félagið, það var svo lagt út á facebook síðu félagsins og að lokum í fréttabréfið.

Mikið hefur verið um að ekki væri hægt að ná vefsíðu félagsins og tók því stjórnin þá ákvöðun um að flytja lénið til [one.com](http://one.com) frá Garún Veflausnum. Hluti af þeirri ákvörðun var til að fá betri þjónustu og ekki minst minna verð.

Ákveðið var að taka á leigu lítið lagerpláss hjá City self storage fyrir félagið en eignir félagsins voru ætíð hér og þar á dreifi um borgina.

Kostnaður við lagerplássið er 1035,- á mánuði og því ódýrara en leigan á gamla húsnæðinu sem leigt var hjá íslenska söfnuðinum.

Kirkjukaffið er einu sinni í mánuði og oftast fyrsta sunnudag í mánuði. Hefur þetta verið góð tekjulind fyrir félagið og gott fyrir Íslendinga að hittast yfir kaffi og góðu meðlæti.

Yfirlit yfir uppákomur sem félagið hefur staðið fyrir á árinu 2014 -2015

Farnar voru tvær vinnuferðir í sjálfboðavinnu í Norefjell, meira um það í eigin skýrslu húsnefndar.

Fjölskyldunefnd stóð fyrir páskaþingum þann 10. apríl 2014 með vinningum sem voru vinsælir hjá yngstu kynslóðinni, meðal annars páskaegg.

Einnig voru fjölskyldu hittingar fyrsta sunnudag í júlí, ágúst og september á ýmsum þörkum Oslo borgar.

Skemmtinefnd stóð fyrir júrúvísión kvöld á Tordenskiold Pub þann 10.mai þar sem fylgst var með beinni útsendingu frá úrslitum Söngvakeppni evrópskra sjónvarsstöðva 2014

Einnig var Quizkvöld haldið á Nilsens Spiseri þann 13. júní með góðu verði á barnum og veglegum vinningi frá húsnefnd Íslendingafélagsins

Þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur á sunnudaginn 15. júní í samvinnu við íslenska söfnuðinn.

Hátíðarhöldin byrjuðu á hugvekju Sr. Örnú og síðan setti María Matthíasdóttir formaður hátíðina, Fjallkonan fór með ljóð og Elín Rósa Sigurðardóttir sendiráðunautur mætti fyrir hönd sendiráðsins og var með ávarp. Ískórinn söng nokkur lög svo var farið í skrúðgöngu um hverfið með fánabera og fjallkonu í fararbroddi ásamt lítilli lúðrasveit.

Boðið var uppá kaffiveitingar í boði íslenska safnaðarins og voru seldar SS pulsar og gos. Boðið var upp á hoppukastala og andlistmálingu fyrir börnin, töframaður mætti á staðinn og skemmti bæði stórum og smáum og íslenskir hestar mættu á svæðið og voru mjög vinsælir meðal yngri gestanna.

Halloween Party var haldið á The Scotsman 31. október.

Annan í jólum, var jólaball og kirkjukaffi í samvinnu við Íslenska söfnuðinn. Þar var að sjálfsgöðu gengið í kringum jólatréð og sungin ísl. jólalög, á eftir fengu börnin ísl. sælgæti sem jólasveinninn gaf þeim.

Í janúar byrjaði skemmtinefnd með Áfram Ísland! hittinga á the Star í Oslo. Þrír slíkir hittingar hafa verið frá áramótum og hafa þeir tekist vel.

Góð stemning skapaðist og eigendur staðarins voru hæst ánægðir með mætinguna og taka gjarnan á móti okkur aftur.

14. febrúar var þorrablótið haldið á Fabrikken við Dronningens gate 4 á besta stað í bænum.

Mætingin var mjög góð með yfir 200 manns sem mættu á staðinn.

Maturinn bragðaðist einstaklega vel og hljómsveitin Made in Sveitin hét upp stuðinu allt kvöldið.

Ískórinn mætti og söng inn matinn.